

Gæðakröfur til hrámjólkur frá mjólkurframleiðendum

GÆÐAKRÖFUR 2013

Opinberar kröfur um gæði hrámjólkur hafa verið óbreyttar frá 1. febrúar 2010. Flokkun vegna frírra fitusýra hafði þó fyrst áhrif á greiðslur vegna A-mjólkur frá og með 1. janúar 2011. Samantekt á reglum um flokkun mjólkur, verðfellingar og verðbætur vegna gæðapátta 2013 koma fram í eftirfarandi töflu:

Flokkunarmörk, verðfellingar og A-greiðslur vegna hrámjólkur eru skv. eftirfarandi töflu frá 1. febrúar 2010:

Gæðapáttur	Rannsóknartíðni	Flokkar	Mörk	Umbun og skerðing í % af afurðastöðvaverði
Frumutala <i>1000 frumur/ml</i>	1 sinni í viku, reiknast af faldmeðaltali mánaðar ¹	1A	- 220	+ 2% ²
		1	221 - 400	0
		2	401 - 500	-5%
		3	501 -	-18% ³
Líftala, Bactocan <i>1000 einingar/ml</i>	1 sinni í viku, einstök mæling gildir ⁴	1A	- 25	+ 2% ²
		1	26 - 200	0
		2	201 - 400	-16%
		3	401 - 3000	-36%
4	3001 -	-60%		
Lyfjaleifar ⁵	A.m.k. 1 sinni í mánuði	1A	Verður að standast kröfur um 1. fl.	+ 2% ²
		1	Engar mælanlegar leyfar	0
		2	Mælanlegar leyfar	-60%
Hitapólin líftala ⁶ <i>1000, einingar/ml</i>	Eftir þörfum	1A	Verður að standast kröfur um 1. fl.	+ 2% ²
		1	- 5	0
		2	6 - 25	0
		3	26 -	0
Kuldapólin líftala ⁶ <i>1000 einingar/ml</i>	Eftir þörfum	1A	Verður að standast kröfur um 1. fl.	+ 2% ²
		1	- 25	0
		2	26 - 100	0
		3	101 -	0
Líftala loftfælinna dvalargróa ⁶	Eftir þörfum	1A	Verður að standast kröfur um 1. fl.	+ 2% ²
		1	Enginn vöxtur	0
		2	Vöxtur eftir 48-72 klst	0
		3	Vöxtur á fyrstu 48 klst	0
Lykt og bragð ⁶	Eftir þörfum	1A	Verður að standast kröfur um 1. fl.	+ 2% ²
		1	Engin prufa með lyktar-/bragðgalla	0
		2	Greinilegur lyktar-/bragðgalli	0
		3	Áberandi lyktar-/bragðgalli	0
Friar fitusýrur ⁷	1 sinni í viku, reiknast af faldmeðaltali mánaðar	1A	Verður að standast kröfur um 1. fl.	+ 2% ²
		1	- 1,1	0
		2	1,2 - 1,8	-5%
		3	1,9 -	-15%

¹ Reiknað er þriggja mánaða meðaltal vegna lágmarkskrafna en mánaðarmeðaltal vegna flokkunar.

² Innvigtuð mjólk mánaðarins er A mjólk svo fremi að hún standist allar kröfur um 1A.

³ 18% (m.v. afurðast.verð) að jafnaði en ef flokkun verður þrjá mánuði í röð í 3. flokk þá verður verðskerðing fyrir þriðja mánuðinn 36% og ef flokkun verður fjóra mánuði í röð eða oftar í 3. flokk þá verðskerðist fjórði mánuðurinn og þeir mánuðir sem þar koma á eftir í þriðja flokki um 54%.

⁴ Einstök mæling gildir og verðfelling er miðuð við innlegg viðkomandi viku. Ef fleiri en ein reglubundin mæling er gerð í viðkomandi viku þá gildir lakari mælingin. Fyrir flokkun í A-mjólk er reiknað beint meðaltal mánaðarins.

⁵ Ef lyfjaleifar mælast í mjólk frá framleiðanda þá er innleggið ekki skráð í mjólkurstöð auk þess sem innlegg viðkomandi viku er verðfellt um 60% af afurðastöðvaverði.

⁶ Þar sem þessar mælingar eru gerðar.

⁷ Ný flokkun frá 1. febrúar 2010 einungis notuð til ráðgjafar til 31. desember 2010 en þá taka verðskerðingar gildi.